



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 16. febrúar 2017

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Stjórnarfundur í Hestamannafélaginu Glað haldin að Sunnubraut 7, Búðardal þann 16.02.2017.

Mættir eru Þórður, Viðar, Heiðrún Sandra, Þórarinn, Vilberg og síðan boðaði Svala forföll.

1.

Það var talað um að eftir væri að gera upp fyrir vetramót síðastliðins vetrar og það spunnust umræður um að það væri skemmtilegra að klára það fyrir, þar sem næsta vetramót er nú þegar hafið.

Umræður hófust og skoðuð voru úrslit móta síðstliðins árs og var það einróma álit að Svanhvít Gísladóttir yrði knapi ársins 2016.

Síðan vorum við sammála að tilnefna hana Laufeyu Fríðu Þórarinsdóttir sem fulltrúa Glaðs til íþróttamanns UDN fyrir árið 2016.

2.

Farið yfir vetrarstarfið nú í vetur. Búið er að halda reiðnámskeið tvær helgar frá áramótum sem voru í höndum Lindu Pétursdóttur og mun hún koma aftur en ekki eru komnar dagsetningar á næstu námskeið en það skýrist fljótlega.

3.

Sækja þarf um styrki til UDN fyrir næstu mánaðarmót og er Þórður búinn að vera í sambandi við Svanborgu Einarsdóttir í sambandi við það.

4.

Síðan barst okkur póstur frá Æskulýðsdeild LH um að halda fund fyrir fjórðunginn þar sem fulltrúar frá félögunum koma. Tekið var vel í það að halda fundinn og spunnust umræður um hvar við gætum haldið fundinn og komu Dalabúð og salurinn hjá Rauðakrossinum til greina. Síðan var lagt til að við myndum bjóða Svönu Jóhannsdóttir til funarins.

5.

Þórður talaði um að það var haldin fundur í reiðveganefnd og kom það fram að við þyrftum að koma með hugmyndir um hvað við myndum gera fyrir styrkinn sem við fáum. Nú eru komnar nokkrar tillögur og þyrftum við að hugsa fleiri fyrir tilvonadi aðalfund. Kominn var hugmynd um tvönn áningarhólf yfir Haukadalsskarð sem er vinsæl reiðleið á sumrin og gæti líka notast fyrir smala og smalamennskur á haustin.

Síðan kom líka tillaga að betrumbæta brekku sem liggur niður í fjöru við Laxánnu þar sem hún er orðinn leiðinleg til farar.

Síðan kom tillaga um að laga eða gera veg vestan Búðardals rétt hjá Ljáskógarétt þar sem þarf að gera betra aðgengi að reiðleið niður að fjöru.

6.

Síðan fór Þórarinn yfir mál fjórðungsmóts þar sem hann er fulltrúi okkar. Það kom fram hjá honum að búið væri að ákveða hvenær það yrði og verður það í lok júní og byrjun júlí. Það

verður gerð ný kynbótabraut í Borganesi á svæði Skugga. Og það er búið að ráða Framkvæmdastjóra mótsins sem er Bjarni sem áður hefur verið framkvæmdastjóri. Síðan fór hann yfir hugmyndir um umgjörð eða framkvæmd mótsins. Hvernig þau ætluðu að halda utan um gæslu og aðgangseyri fyrir mótið og síðan tjaldsvæði og gjaldtökuna á því en tjaldsvæðið verður á Kárastöðum og búið er að fá leyfi fyrir því. Þórarinn spurði hvort það væri ekki ennþá þannig að við í Glað myndum halda utan um tölvumálin á mótinu og sagði Þórður að það væri ákveðið að við myndum gera það.

7.

Síðan var dagsetning á aðalfundi Glaðs ákveðin. Að 3. apríl væri físiilegur kostur og fundar störf hæfust kl 20:30.

Þar yrðu málefni mótanefndar um liðakeppnina rædd, reiðvegir og tillögur á nýtingu á styrktarfé yrði skoðað og allar tillögur frá féllögum væru vel þegnar.

Þórður sleit fundi kl 23:00

Vilberg Þráinsson